



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 429. fund velferðarráðs þann 25. maí 2022
VEL22020014
RÁ/ds

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um matsviðmið vegna sérstaks húsnæðisstuðnings

Þann 2. febrúar 2022 lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um matsviðmið vegna sérstaks húsnæðisstuðnings:

Lagt er til að skilyrði um stigagjöf fyrir félagslegar aðstæður verði teknar úr matsviðmiði fyrir sérstakan húsnæðisstuðning. Núverandi matsviðmið Reykjavíkurborgar líta til stöðu umsækjenda, húsnæðisstöðu og félagslegra aðstæðna umsækjenda. Staða umsækjanda sem sækir um sérstakan húsnæðisstuðning verður að vera metin til að lágmarki sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið sem fylgir með reglum um sérstakan húsnæðisstuðning. Hér er lagt til að litið verði til stöðu þeirra sem sækir um sérstakan húsnæðisstuðning og húsnæðisstöðu. Velferðarsviði verði falið að útfæra breytingar að reglum og matsviðmiði og leggja fyrir velferðarráð til samþykktar.

Umsögn:

Í 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kemur eftirfarandi fram:

Sveitarfélög skulu veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur á grundvelli leiðbeininga ráðherra um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 4. mgr. Reglur sveitarstjórnar um sérstakan húsnæðisstuðning skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings voru settar af félags- og húsnæðismálaráðherra þann 30. desember 2016 og uppfærðar þann 21. desember 2020. Þar kemur m.a. fram í inngangi að leiðbeiningunum:

Þannig þarf ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning að byggjast á heildarmati á aðstæðum umsækjanda en ekki bara hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum.

Í ábendingum sem sendar voru sveitarfélögum af hálfu félags- og jafnréttisráðherra þann 11. apríl 2017 kemur fram að meta skuli þörf fyrir sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna í stað þess að byggja einungis á hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum.

Fylgiskjöl:

Ábendingar félags- og jafnréttisráðherra til sveitarfélaga vegna sérstaks húsnæðisstuðnings, dags. 11. apríl 2017.

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.